


# Samfélagsskýrsla Bónus

2021



# Orð frá framkvæmdastjóra



Þessari samfélagsskýrslu er ætlað að kynna hvernig við í Bónus vinnum að sjálfbærni í starfi og stefnu. Skýrslan varpar ljósi á hvernig við höfum staðið okkur fram að þessu, hvaða samfélagslegu verkefnum við vinnum að og hér setjum við fram þau markmið sem við höfum sett okkur til að gera enn betur í framhaldinu.

Okkur sem störfum í Bónus er annt um orðspor fyrirtækisins, hvort sem það er gagnvart neytendum eða öðrum hagsmunaaðilum. Við förum fram með góðu fordæmi nú sem alltaf og vöndum okkur að gera vel fyrir viðskiptavinum okkar og það nærumhverfi sem við störfum í á hverjum stað. Við vitum að við erum langt því frá að vera gallalaus og meðvitundin um það hvetur okkur áfram til að gera betur.

Frá stofnun Bónus hefur það alltaf verið markmiðið að halda vöruverði í lágmarki, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Við höfum kappkostað að bjóða viðskiptavinum okkar upp á lægsta vöruverð hverju sinni og sú stefna hefur haft mikil og jákvæð áhrif á dagvöruverð í þeim bæjarfélögum þar sem Bónus er með starfsemi og stuðlað að lágu vöruverði fyrir íbúa og aðra viðskiptavinum.

Fljótlega eftir að Bónus hóf rekstur áttuðum við okkur á því hversu mikilvægt það er að halda sóun í lágmarki og hefur það verið eitt meginhlutverk Bónus að koma vörum frá framleiðendum til neytenda á sem hagkvæmastan hátt. Stærsta og augljósasta sóunin sem við erum að glíma við og getum haft hvað mest áhrif á er matarsóun. Hún birtist okkur á ýmsan hátt

eins og þegar við sjáum ljótar myndir úr ruslagámum verslana og fréttir af vöruskilum úr verslunum til framleiðenda. Hinsvegar ef við skoðum þetta aðeins betur þá er það ferskvaran sem í eðli sínu er með stuttan líftíma. Grænmeti, ávextir, mjólkurvörur og kjötvörur eru þeir vöruflokkar sem eru hvað mest áberandi í þessari sóun. Til að sporna gegn sóun, bjóðum við vörur sem eiga stutt eftir að síðasta söludag, á ríflegum afslætti. Með þessu sparast á hverju ári yfir 100 tonn af matarávöxtum og grænmeti hjá Bónus sem annars færi í lífrænan úrgang.

Undanfarin tvö ár hafa einkenns af Covid faraldrinum en nú er útlit fyrir að hann sé á undanhaldi. Þá settu jarðskjálftar og eldgos mark sitt á síðasta ár og í nánast beinu framhaldi af Covid braust út hræðilegt stríð í Úkraínu. Þetta hefur kennt okkur að heimsmyndin er fljót að breytast og atburðir úti í heimi geta haft veruleg áhrif á okkar daglega líf. Í kjölfar faraldursins þá hafa truflanir í aðfangakeðju haft í för með sér tilheyrandi verðhækkanir á aðföngum og því verður eitt helsta verkefni Bónus á árinu 2022 að halda verði áfram lágu.

Ég vil þakka starfsfólki fyrir frábært starf á árinu 2021, en Covid faraldurinn hefur gert starfsumhverfið mjög krefjandi og það hefur verið mikilvægt að hlúa vel að heilsu og vellíðan starfsfólks á þessum tíma. Þrátt fyrir áskoranir ársins hefur reksturinn gengið vel á árinu 2021 og framundan eru spennandi verkefni og við tökum full af bjartsýni og vinnum ótrauð áfram í átt að sjálfbærari framtíð.



Guðmundur Marteinnsson  
Framkvæmdastjóri

## Lægsta verðið

Bónus hefur frá stofnun boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi og miðar hönnun Bónusverslana að því að halda kostnaði í lágmarki. Þess vegna getur Bónus boðið viðskiptavinum sínum lægsta verðið. Bónus hefur frá fyrstu tíð kappkostað að bjóða neytendum algengustu vöruflokkana en með breyttum neysluvenjum hefur vöruval aukist til muna. Vöruframboðið spannar allar meginþarfir heimilishaldsins en auk þess býður Bónus úrval af sérvöru, eins og grunnvöru í fatnaði og árstíðabundnar vörur.

## Bónus í hnotskurn

Það er Bónus mikilvægt að halda því trausti sem almenningur hefur sýnt verslunardejgunni í gegnum árin og eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að hafa álagningu sem lægsta. Bónus býður sama verð í öllum sínum verslunum um land allt sem reynst hefur afar dýrmætt gagnvart neytendum. Það sannast ítrekað í verðkönnunum að Bónus býður lægsta vöruverð á Íslandi, þrátt fyrir harðnandi samkeppni.

## Upphafið að rekstri Bónus

Feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson opnuðu fyrstu Bónusbúðina í 400 fermetra húsnæði við Skútuvog laugardaginn 8. apríl 1989. Ekki þarf að fara mörgum orðum um viðtökur landsmanna. Þær voru í einu orði sagt frábærar enda vöruverð strax miklu lægra í nýju versluninni. Salan varð strax þrefalt meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og um mitt sumar 1989 var ráðist í að opna aðra Bónusverslun, í Faxafeni 14.


Neytendur kættust eins og nærri má geta og í fréttum dagblaðanna frá 1991 má lesa hversu mikil bylting Bónus var í raun fyrir hinn almenna neytanda. Verðmunur í verðkönnunum var sagður gríðarlegur. Í DV segir í febrúar 1991: „Hátt í helmingsmunur á innkaupakörfu.“ Síðan upphéfst mikið verðstríð þar sem DV metur gróða neytenda á við 30 raðhús í Reykjavík, allt fyrir tilstilli Bónus.

**Bónus allra  
landsmanna**



# Umhverfið

Samfélagsskýrsla 2021



## Umhverfið og ábyrgð

Við gerum okkur grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir rekstri stórrar verslanakeðju og áhrifunum sem slíkur rekstur getur haft á umhverfið. Síðastliðin ár hefur Bónus því lagt aukna áherslu á að stuðla að verndun umhverfis og náttúru með góðri og virkri umhverfisstefnu. Hjá Bónus er rekstur allra verslana kolefnisjafnaður, sorp er flokkað vandlega og plastnotkun og matarsóun hefur minnkað verulega síðustu ár.

Við höfum ávallt lagt mikla áherslu á umhverfismál og flokkað plast, pappa og annan úrgang í fjölda ára. Verslunin hefur verið leiðandi í umhverfismálum á Íslandi og hætti til að mynda sölu á hefðbundnum plastpokum í október 2018 og hóf að bjóða viðskiptavinum sínum upp á 100% lífniðurbjótanlega poka í stað þeirra. Sömuleiðis reynir verslunin að sporna við hvers kyns matarsóun eftir fremsta megni með góðum árangri.

## Andaðu léttar með Bónus

Við vitum að góð og markviss umhverfisstefna getur skipt sköpum þegar kemur að þeim aðgerðum sem fyrirtæki leggjast í til að ná settum markmiðum í umhverfis- og samfélagsmálum.

Upp á síðkastið höfum við starfað undir stefnunni *Andaðu léttar* þegar kemur að umhverfismálum okkar, sem og mikilvægum áherslum hvað varðar lýðheilsu. Sú stefna endurspeglar vel þær aðgerðir sem við höfum á síðustu árum lagt áherslu á og höfum unnið markvisst að eftirfarandi málefnum innan þeirrar stefnu með góðum og mælanlegum árangri. Málaflokkarnir fjórir sem snúa að umhverfismálum eru: Kolefnisjöfnun, flokkun sorps, saman gegn matarsóun og minna plast.



## Kolefnisjöfnun

Bónus var fyrsta matvöruverslun á Íslandi sem kolefnisjafnaði rekstur verslana sinna.



## Flokkun

Gríðarlegt magn af sorpi er flokkað á hverjum degi hjá Bónus og er bæting í þeim efnum á hverju ári.



## Gegn matarsóun

Bónus hefur frá upphafi selt útlitsgallaðar vörur og vörur á síðasta neysludegi með verulegum afslætti.



## Minna plast

Bónus var fyrsti stórmarkaðurinn sem hætti sölu hefðbundinna plastburðarpoka og tók inn lífniðurbjótanlega burðarpoka.





## Framúrskarandi árangur í flokkun

Við höldum áfram að bæta í þegar kemur að flokkun úrgangs og óhætt er að segja að verulegur árangur hafi náðst í flokkun úrgangs á árinu 2021. Hlutfall flokkaðs úrgangs fór úr 75,6% á árinu 2020 og upp í 77,4% á árinu 2021.

Óflokkaður úrgangur dróst saman um heil 14% og urðun dróst saman um rúm 13%. Við erum sannarlega stolt af þessum frábæra árangri árið 2021, sérstaklega í ljósi þess að við erum með þessu að fylgja eftir svipuðum árangri frá árinu 2020.

Hlutfall flokkaðs úrgangs er nú komið í 77,4% og hlutfall endurunnins úrgangs komið upp í 77,5%.

### Helstu punktar úr ESG-skýrslu varðandi flokkun úrgangs árið 2021 eru þessir:

- Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrarúrgangi nam 40,9% á tímabilinu 2019 – 2021.
- Heildarþyngd úrgangs frá rekstri Bónus nam 2.898.824 kg, sem er 4,4% lækkun frá grunnári.
- Magn úrgangs til urðunar lækkaði um 27% á milli árána 2019 og 2021. Árið 2019 fóru 893.542 kg í urðun en 652.520 kg árið 2021.
- Flokkunarhlutfall Bónus var 77,4% árið 2021.

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2019	2020	2021
Flokkaður úrgangur	Kg	2.140.855	2.352.441	2.244.444
Óflokkaður úrgangur	Kg	891.210	758.753	654.380
Urðun / förgun	Kg	893.542	748.183	652.520
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	70,6%	75,6%	77,4%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	70,5%	75,9%	77,5%

## Bónus græðir landið

Við erum virkilega stolt af því að Bónus var fyrsta íslenska matvörukeðjan sem kolefnisjafnaði rekstur sinn. Sá árangur náðist árið 2019 fyrir rekstrarárið 2018 en snemma árs 2019 hófst vinna við að safna gögnum innan verslana um t.a.m. orkunotkun, flokkun og meðhöndlun úrgangs. Notast er við stafræna tækni til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við öflun og úrvinnslu gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast samfélagslegri ábyrgð okkar.

Á fyrsta ári kolefnisjöfnunar (2018) sýndu niðurstöður að losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri Bónus nam 667 CO<sub>2</sub> tonnum. Því plöntuðum við 6.670 trjám á u.þ.b. tveggja hektara landssvæði við Úlfliótsvatn sem mótvægisáðgerð við kolefnisfótspor okkar það árið.

Að sama skapi var 7.740 trjám plantað á sama svæði vegna kolefnisbindingar fyrir árið 2019 og útskýrist þessi fjöldamunur einna helst á því að aðeins var notast við umfang 1 og 2 fyrir rekstrarárið 2018 en fyrir árið 2019 var notast við umfang 1, 2 og 3.

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2019	2020	2021
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO <sub>2</sub> í	869,3	770,1	661,8
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> í	746,1	770,1	661,8
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO <sub>2</sub> í	123,2*	0,0	0,0

\* Kolefnisspor vegna ársins 2019 var áætlað og kom síðar í ljós að mótvægisáðgerðir dugðu ekki til. Því var 1.231 trjám bætt við mótvægisáðgerðirnar fyrir árið 2020 og bætt við þau 7.701 tré sem plantað var árið 2021 til þess að kolefnisjafna árið 2020.

Kolefnisspor vegna ársins 2020 var 770,1 tonn CO<sub>2</sub> ígilda og var því plantað 7701 trjám árið 2021. Það gekk talsvert betur að halda kolefnisspori Bónus verslana niðri árið 2021 og munu 6618 tré koma í skóginn okkar góða við Úlfliótsvatn árið 2022.

Hin eiginlega kolefnisbinding er unnin í samstarfi við Kolvið sem sér alfarið um gróðursetningu trjána fyrir hönd Bónus. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir losun gróðurhúsalofttegunda hjá Bónus fyrir árin 2019, 2020 og 2021 ásamt mótvægisáðgerðum fyrirtækisins fyrir öll þrjú árin.

Bónus er aðalstyrktaraðili að verkefni Landgræðslunar og Skógræktarinnar um að safna og sá birkifræum til að rækta upp birkiskóga á Íslandi. Þetta verkefni hefur farið af stað síðastliðin tvö ár að hausti til. Þá eru landsmenn hvattir til að fara í birkimó.





## Saman gegn matarsóun

Frá stofnun Bónus hefur það alltaf verið markmið í okkar rekstri að að halda sóunn í lágmarki af því að það hefur verið og er fjárhagslega hagkvæmt, hlutverk Bónus er að koma vörum frá framleiðendum til neytenda á sem hagkvæmastan hátt.

Það leikur sér enginn að því að flytja inn lélega ávexti og grænmeti til þess eins að henda því í ruslagámana við verslanir, þetta er lifandi vara sem þolir illa fimm til sjö daga flutning á sjó og því lendir hluti þeirra oft í lífrænu gámunum okkar, árið 2021 hefur starfsfólk Bónus pakkað alls 115 tonnum af útlitsljótu grænmeti og ávöxtum í svokallaða matarávaxtapoka til þess að takmarka sóun í þessum flokki eins og kostur er.

Allur ferskur kjúklingur, ferskt lambakjöt (ókryddað) og nautakjöt sem selt er í Bónus er með innbyggt afsláttarkerfi svokallað databar sem gefur sjálfkrafa afslátt við kassann þegar líftími vörunnar er að renna út, 30% daginn fyrir síðasta sölundag og 50% fyrir síðasta neysludag, með þessu kerfi hafa viðskiptavinir hjálpað okkur að takmarka sóun verulega og notið þess í lægra verði um leið, ásamt þessu veitir Bónus birgjum daglegar söluupplýsingar fyrir hverja vörutegund brotið niður á hverja verslun og þannig hjálpað okkur að hafa betri yfirsýn yfir sölu og birgðir og minnkað þannig sóun.

Við lengdum afgreiðslutími í verslunum Bónus Smáratorgi, í Skeifunni, Spönginni, á Fiskislóð, að Helluhrauni, í Mosfellsbæ, að Fitjum í Reykjanesbæ, á Selfossi og Langholti á Akureyri, en breytingarnar hafa

mikið að segja hvað varðar það að draga úr matarsóun þar sem meiri tími gefst til að selja viðkvæmar matvörur.

Aðgerðir Bónus síðustu ár í þágu umhverfisins geri neytendum auðveldara að flokka heimilisúrgang sem þýðir að minna fellur til af óendurvinnanlegum úrgangi sem samrýmist markmiðum um að draga úr hverskyns losun. „Við verðum að læra að draga úr neyslu sem fyrst, endurnota hluti sem eru í lagi eins mikið og hægt er og endurvinnna eins mikið og mögulegt er. Við leggjum okkar lóð á vogaskálarnar með því að hefja þessa vinnu fyrir viðskiptavinum okkar og nálgast hlutverk okkar í losunarkeðjunni af ábyrgð.

Bónus hefur líka leitað leiða til að búa til verðmæti úr þeim matvörum sem ekki hefur náðst að bjarga. Eitt af þeim verkefnum sem við höfum tekið þátt í er að selja handgerðar sápur sem unnar eru úr náttúrulegu hráefni og meðal annars afgangum af grænmeti og ávöxtum.

# 115

**tonnum af  
ávöxtum  
bjargað  
árið 2021**





## Minna plast

Bónus var fyrsta matvöruverslunin á Íslandi sem hætti sölu á plastburðarpokum og hóf í staðinn sölu á burðarpokum úr lífníðurbriðanlegum efnum. Með tilkomu þeirra hafa sparast allt að 200 tonn af plasti á hverju ári. Bónus burðarpokarnir brotna 100% niður ef þeir eru flokkaðir með lífrænum úrgangi.

Bónus hefur lengi hvatt viðskiptavinum til að hafa meðferðis fjölnota burðarpoka, ásamt fjölnota netum undir grænmeti og ávexti. Fjölnota burðarpokarnir okkar hafa notið mikilla vinsælda og má til gamans geta að um 400 þúsund slíkir pokar hafa verið seldir og gefnir viðskiptavinum á undanfönum árum.

Eitt mjög áhugavert samstarfsverkefni sem Bónus tók þátt í á árinu var tilraun til að endurvinna frauðplast sem kemur til landsins með vínberjunum frá Kaliforníu í verslanir Bónus. Hugmyndin er að endurvinna frauðplastið í samstarfi við Tempra og er verkefnið núna á frumstigi en það þarf að þróa innviði og ferla frekar til þess að þetta spennandi verkefni verði að veruleika.

## Umhverfisvænar umbúðir

Við höfum gert róttækar breytingar á umbúðum á okkar eigin Bónus vörum upp á síðkastið með umhverfisvæn sjónarmið að leiðarljósi. Til að mynda voru okkar vinsælu

forelduðu Bónus súpur fyrst um sinn seldar í plastfötum en var fljótt skipt yfir í pappambúðir að mestu sem minnkaði plast verulega. Það sama má segja um hnetublöndu frá Bónus sem var líkt og súpunar, áður seld í fötum úr plasti en eru nú komnar í umhverfisvænni umbúðir úr pappa sem má auðveldlega flokka.

Nýbakað bakkelsi er selt í pokum eða öskjum úr pappa en var áður í pokum eða öskjum úr plasti. Við þessar aðgerðir hefur plastnotkun í þessum vöruflokki minnkað um allt að 90% sem verður að teljast stórgóður árangur.

Bylting hefur orðið í plastnotkun þegar kemur að vinnslu og pökkun á kjöti, sem og ávöxtum og grænmeti innan verslana Bónus. Þar má nefna að nýr vélakostur og nýjar umbúðir hafa gert það að verkum að plastumbúðir fyrir hverja einingu af nautahakki og hamborgurum frá Íslandsnauti hafa farið úr 21 grammi niður í 3 grömm og því sparast alls 30 tonn af plasti á ársgrundvelli.

Við gríðarlega stolt af þessari jákvæðu breytingu enda auðveldar þetta einnig viðskiptavinum okkar að flokka umbúðirnar þar sem pappaspjaldið er endurvinnanlegt og má því setja í flokkunartunnu ætluðum pappír. Plastfilman má sömuleiðis fara með öðru plasti til endurvinnslu og eru því hinar nýju umbúðir 100% endurvinnanlegar. Með þessum aðgerðum hefur líftími og geymsluþol vörunnar líka aukist til muna sem minnkar töluvert matarsóun.





## Grænt vöruúrval

Frumvarp umhverfis- og auðlindaráðherra um bann við sölu á einnota plastvörum varð að lögum 2020. Með lögnum var meðal annars lagt bann á sölu á t.a.m. hnífapörum, diskum, glösum, rörum og bómullarpinum úr plasti. Frumvarpið byggði á tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins um að draga úr áhrifum tiltekinnar plastvöru á umhverfið sem rannsóknir höfðu sýnt að væri hvað líklegust til þess að finnast sem rusl á ströndum.

Bónus var fyrst matvöruverslana hér á landi til að bjóða upp á einnota vörur úr lífniðurbrotanlegum og umhverfisvænni efnum en áður, líkt og diska, drykkjarmál, eyrnapinna úr pappa og sogrör úr jární, ásamt fleiri áhöldum. Það má því alhæfa að Bónus hafi verið á undan þeim lögum sem nú gilda um sölu á einnota plasti þar sem ekki hafa verið keyptar inn einnota plastvörur til sölu innan verslana í lengri tíma. Áætlað er að hefja sölu á einnota málum úr bambus og er sá undirbúningur nú þegar hafinn.

## Umhverfisvænni orkumiðlar

Við gerum okkur grein fyrir því að mikla raforku þarf til að reka verslanir okkar og hefur ýmislegt verið gert til að draga úr slíkri orkusóun. Unnið er markvisst að því innan verslana Bónus að skipta yfir í umhverfisvænni orkumiðla og orkusparandi perur (LED) í rekstri

verslana. Að sama skapi byggja allar nýjar og endurhannaðar matvöruverslanir Bónus á grænum grunni þar sem einungis er notast við íslenskan umhverfisvænan kælimiðil í stað freons áður. Kerfið er talið fremst á sviði umhverfisvænna kælikerfa og er auk þess sjálfbært og öruggt. Vélbúnaður kerfisins nýtir orkuna betur og allir kælar og frystar eru lokaðir, sem tryggir jafnara hitastig og þar af leiðandi betri gæði og endingu frystivara. Ný LED lýsing, ásamt lokum á kæla og frysta, hefur hingað til sparað verslunum allt að 50% af rafmagni og þeim kostnaði sem rafmagninu fylgir.


Yfirfærsla á þessum umhverfisvænu orkumiðlum er því ekki einungis umhverfisvæn, heldur stuðlar hún einnig að fjárhagslegum sparnaði sem er einmitt markmið Bónus í hvívetna. Þessu mikilvæga verkefni er ekki lokið og stöðugt er unnið að endurnýjun og uppsetningu kerfanna, ásamt því að skipta yfir í LED lýsingu innan verslana.

# Starfsfólkið

Samfélagsskýrsla 2021



**BÓNUS**





## Heilsa og vinnuvernd

Við hvetjum starfsfólk til hollustu og heilbrigðs lífennis og bjóðum fastráðnu starfsfólki líkamsræktarstyrk.

Við erum með öryggistrúnaðarráð sem er tengiliður starfsmanna og stjórnenda en hlutverk þess er að skipuleggja og hafa eftirlit með úrbótum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Í því felst að starfsumhverfi sé með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir en Bónus leitast við að stuðla að starfsöryggi allra sem í fyrirtækinu starfa. Leitast er við að tryggja að húsnæði fyrirtækisins, búnaður og umhverfi fullnægi kröfum og fyrirmælum laga og reglna.

Við tökum vel á móti nýju starfsfólki því við viljum vera eftirsóttur vinnustaður og þannig laða til okkar hæft og traust starfsfólk. Við leggjum mikla áherslu á að starfsfólki líði vel í vinnu og að möguleikar til starfsþróunar séu fyrir hendi ef starfsfólk stendur sig vel. Miklir möguleikar eru fyrir þá sem skara framúr að ná langt innan veggja fyrirtækisins enda hafa margir af núverandi stjórnendum unnið sig upp í sínar stöður.

Hjá okkur er viðskiptavinurinn í öndvegi og starfsfólki er hvatt til að veita framúrskarandi þjónustu og að koma fram við alla viðskiptavini með sömu virðingu óháð kyni, þjóðerni og kynþáttum.

Það er stefna Bónus að starfsfólk sýni samstarfsfólki sínu alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti og kynferðisleg áreitni eru ekki umborin.

Á síðasta ári var Fræðslustjóri ráðinn til Bónus en hans hlutverk er að sjá til þess að Bónus taki enn betur á móti nýju starfsfólki og að kenna þeim færni til að takast á við nýtt starf. Bónus er oft fyrsti vinnustaður hjá ungu fólki og því er mikilvægt að hlúa að þeim svo fólk nái að vaxa og dafna hratt og vel í starfi.


## Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Bónus og er henni ætlað að tryggja öllum starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunum.

Bónus hefur innleitt jafnlaunakerfi sem nær til allra starfsmanna til að framfylgja settum stefnumiðum. Jafnlaunakerfið var innleitt og því er viðhaldið í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85.

Launamunur er í dag 1,8%, körlum í hag.




## Jafnlaunmarkmið Bónus

1. Bónus er vinnustaður þar sem bæði karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa.
2. Bónus er vinnustaður þar sem allir, óháð kyni, njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.
3. Bónus er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
4. Bónus gætir þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
5. Bónus líður ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni.



# Samfélagið

Samfélagsskýrsla 2021



# Lægsta verðið um allt land



## Lægsta mögulega verð

Bónus hefur frá stofnun boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi og miðar hönnun Bónusverslana að því að halda kostnaði í lágmarki. Eitt stærsta samfélagsverkefni Bónus frá stofnun hefur verið að bjóða sama lága verðið um land allt og hefur Bónus haft afgerandi áhrif á vöruverð til íbúa og annarra viðskiptavina í þeim bæjarfélögum þar sem Bónus er með starfsemi.

Það er Bónus mikilvægt að halda því trausti sem almenningur hefur sýnt verslunarkeðjunni í gegnum árin og eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að hafa álagningu sem lægsta. Bónus býður sama verð í öllum sínum verslunum um land allt og það hefur sannast ítrekað í verðkönnunum að Bónus býður lægsta vöruverð á Íslandi, þrátt fyrir harðnandi samkeppni.

Á árinu 2021 rak Bónus 31 verslun víðsvegar um landið en 19 eru á höfuðborgarsvæðinu og 12 á stórum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Hjá Bónus starfa um þúsund manns og hefur þeim fjölgað mikið á síðustu árum.

Til að koma til móts við breyttar neysluvenjur viðskiptavina hefur vöruúrval Bónus aukist til muna með hverju ári. Í dag er Bónus með yfir 3.000 vörunúmer í verslunum sínum. Vöruúrvalið er því mjög fjölbreytt og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í hillum Bónus. Þrátt fyrir aukið vöruúrval hefur Bónus aldrei kvikað frá upprunalegu hugmyndafræði sinni, að selja gæðavörur á lægsta mögulega verði fyrir neytendur.


**Einfaldleiki  
í rekstri  
skilar sér  
í lægsta  
vöruverði til  
viðskiptavina**




## Nýtt útlit

Á árinu 2021 var vörumerki Bónus endurnýjað og fært í nútímalegri búning. Af hverju er verið að fíka í því sem er í lagi gæti einhver spurt? Jú, grísinn hefur verið óbreyttur í yfir 30 ár og er nú að fá upplýftingu í fyrsta sinn. Þessi breyting er gerð til þess að aðlaga vörumerkið að þeirri stafrænu vegferð sem framundan er í okkar rekstri.

Í framhaldi af endurnýjuðu útliti var merkingum breytt samstundis innan sem utan á Smáratorgi og Skeifunni. Aðrar verslanir hafa svo verið að fylgja á eftir jafnt og þétt en þetta verkefni mun taka 12-15 mánuði að teygja sig í allar verslanir Bónus. Samhliða þessu munu allar Bónusmerktu vörurnar, sem skipta hundruðum, fá andlytslyftingu þegar gamlar umbúðir klárast.




Gamli grísinn



Nýi grísinn

Þjóðin hafði mikinn áhuga á breytingunum en skiptar skoðanir voru þó um ágæti þeirra. Hinsvegar er mikill meirihluti viðskiptavina ánægður með breytinguna samkvæmt okkar könnunum. Okkur þykir enn afskaplega vænt um gamla grísinn sem var búin að vera með okkur allan þennan tíma og hver veit nema við munum gefa honum gaum hér og þar þegar á við.

Nýi grísinn er framtíðin þar sem sterkari litir aðgreina okkur enn frekar frá samkeppninni og nú er hægt að glæða meira lífi í allt markaðsefni með allskonar svipbrigðum eftir aðstæðum.





## Lengri afgreiðslutími

Takmarkaður afgreiðslutími verslana hefur framan af verið liður í að halda niðri kostnaði og þannig tryggja lágt vöruverð til viðskiptavina en árið 2021 ákváðum við að lengja opnunartíma verslana og svara kalli viðskiptavina um betra aðgengi að verslunum okkar.

Á árinu 2021 breyttust opnunartímar Bónus verslana. Mesta breyting varð í 7 verslunum sem lengdu opnunartíma sinn í 10-20 alla daga. Þær sjö verslanir eru á Smáratorgi, Skeifunni, Spönginni, Fiskislóð, Mosfellsbæ, Helluhrauni í Hafnarfirði og Langholti á Akureyri. Sömuleiðis hafa verið gerðar þær breytingar að Bónusverslanir muni opna fyrr á sunnudögum, eða klukkan 10 í stað 11.

**Nú vöknum við  
með þér fyrr á  
sunnudögum  
alls staðar**





## Samstarf Sólheima og Bónus

Bónus selur lífrænt ræktað grænmeti frá Sólheimum en ávallt ríkir mikil eftirvænting eftir uppskerunni frá garðyrkjustöðinni Sunnu.

Sólheimar eru sjálfbært samfélag þar sem rúmlega 100 einstaklingar búa og starfa saman. Byggðahverfið Sólheimar leggur áherslu á ræktun manns og náttúru. Rekin er öflug félagsþjónusta á Sólheimum þar sem einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn er veitt tækifæri til atvinnu og starfsþjálfunar, búsetu, félags- og menningarstarfs.

Sólheimar eru vagma lífrænnar ræktunar á Íslandi. Almennt er talið að upphaf lífrænnar ræktunar, ekki aðeins á Íslandi, heldur einnig á Norðurlöndunum, hafi verið á Sólheimum. Það er því löng og sterk hefð fyrir umhverfisvitund á Sólheimum og mikil áhersla á að öll matvæli sem framleidd eru á Sólheimum fullnægi kröfum um lífræna ræktun.

Garðyrkjustöðin Sunna er einn stærsti framleiðandi á lífrænt ræktuðu grænmeti undir gleri á Íslandi. Helstu framleiðsluvörur Sunnu eru kirsuberjatómar, agúrkur, paprikur og salöt. Garðyrkjustöðin Sunna er rekin af Sólheimasetri og þar starfa bæði fatlaðir, ófatlaðir íbúar.

## Atvinna með stuðningi

Við höfum um árabil verið virkur þátttakandi í „Atvinna með stuðningi“, verkefni sem unnið er í samstarfi við Vinnumálastofnun. Við erum einn stærsti vinnustaður AMS á Íslandi og í dag vinna um 40 manns hjá okkur í gegnum þetta frábæra samstarf Bónus við Vinnumálastofnun.

Verkefnið gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Með samstarfinu er lögð áhersla á góða samvinnu þar sem færni starfsmannsins er höfð að leiðarljósi.



## **Bónus páskaegg til Grænlands**

Bónus hefur í áraraðir verið einn helsti bakhjarl Hrafn Jökulssonar og Grænlandsvina, sem standa árlega fyrir mörgum hátíðum vítt og breitt um Grænland. Árið 2021 sendu Bónus og Grænlandsvinir páskaegg til barnanna í Ittoqqortoormiit, afskekktasta þorps Grænlands. Þar hafa Hróksliðar og Grænlandsvinir staðið fyrir miklum hátíðum árlega í 15 ár og þorpið með langa nafnið er mesti skákbær á Grænlandi. Ittoqqortoormiit er ekki bara afskekktasta þorp á norðurslóðum, heldur líka sá bær á Grænlandi þar sem ísbirnir eru oftast á vappi.

## **Bónus og Blindrafélagið**

Blindravinnustofan fagnaði 80 ára afmæli í október 2021. Af því tilefni veitti félagið Bónus viðurkenningu fyrir ómetanlegan stuðning í gegnum árin en Bónus hefur verið stoltur samstarfsaðili Blindravinnustofunnar allt frá árinu 1989 þegar fyrirtækið var stofnað. Samhliða vexti Bónus hefur starf Blindravinnustofunar vaxið þar sem fleiri einstaklingar hafa fengið vinnu við sitt hæfi og starfa í dag um 30 einstaklingar. Blindravinnustofan gegnir mikilvægu hlutverki í því að skapa blindu og sjónskertu fólki atvinnu Mikilvægasti hluti starfseminnar er þökkun á hreinlætisvörum til endursölu en Bónus selur auk þess dagatal þar sem hagnaður fer í kaup á leiðsöguhundum fyrir blinda og sjónskerta.

## **Bónus og Veraldarvinir**

Veraldarvinir eru íslensk sjálfbóðasamtök sem setja umhverfismál í öndvegi. Markmið Veraldarvina er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og betri umgengni manna við umhverfið.

Um 1500 sjálfbóðaliðar koma til landsins á vegum Veraldarvina árlega og einbeita sér að náttúruvernd, m.a. með því að leggja gönguleiðir og rækta plöntur en einnig með hreinsun íslensku strandlengjunnar. Mikið magn af plasti, netadræsum og öðru rusli rekur á íslenskar strandir og hafa sjálfbóðaliðar Veraldarvina safnað slíku rusli um allt land í vetur.

Í janúar stóðu Veraldarvinir ásamt Hrafn Jökulssyni að sýningunni "Kolgrafarvík kemur í bæinn" sem haldin var við Reykjavíkurhöfn. Þar gátu gestir skoðað afrakstur hreinsunnar og einstaka náttúru Árneshrepps. Þessa dagana eru Veraldarvinir að flytja sýninguna og stefna að því að setja hana aftur upp á næstu vikum. Bónus er stoltur samstarfs- og styrktaraðili Veraldarvina og er bakhjarl þessa verkefnis.

## Án tóbaks í yfir 33 ár

Þegar fyrsta Bónus verslunin var opnuð árið 1989 var tekin sú framúrstefnulega og stórtæka ákvörðun að selja ekki tóbak af hvers kyns tagi í verslunum Bónus. Á þeim tíma var þessi aðgerð versluninni dýrkeypt þar sem versluninni varð af tugum milljóna króna í sölutekjur. Þetta hafði einnig þær afleiðingar að reykingafólk leitaði síður í verslanirnar með sín viðskipti þar sem ekki var hægt að grípa tóbaki með í leiðinni. Bónus hefur þó staðið við þessa mikilvægu ákvörðun sína í öll þessi ár með það að markmiði að stuðla að lýðheilsu landsmanna, þá sérstaklega ungmenna. Bónus er því eina matvörukeðja landsins sem selur ekki tóbak og hefur aldrei gert. Sömuleiðis er Bónus ekki með svokallaða nikótínþúða í sölu sem eru vinsælir hér á landi, þá sérstaklega meðal ungmenna. Að okkar mati, myndi slík sala stangast á við stefnu Bónus þegar kemur að tóbakssölu innan verslunarinnar.



## Styrkir til íþróttar


Við höfum verið iðin við að styðja hvers kyns íþróttaiðkun og æskulýðsstarf í gegnum árin. Bónus er styrktaraðili fjölda íþróttafélaga um allt land, þá einna helst í hand-, fót- og körfubolta. Má þar nefna FH, Stjörnuna, Hauka, Gróttu, Reyni Sandgerði, KA, ÍA, Selfoss, Þróttur Vogar, Vestri og Aftureldingu.

## Styrkir til hjálparsamtaka


Einnig má nefna að Bónus styrkir ýmis verkefni og þá sérstaklega hjálparsamtök eins og Hjálparstarf kirkjunnar og mæðrastyrksnefndir um land allt. Flest þessara verkefna hafa verið í gangi til fjölda ára og mikið traust er borið til Bónus í þessum efnum.

## Betra aðgengi fyrir aldraða

Við bjóðum upp sérstakar ókeypis ferðir fyrir aldraða á höfuðborgarsvæðinu í verslanir okkar til að létta þeim umstangið við að komast í matvöruverslun til að versla sér í matinn.



# Heimsmarkmiðin



Samfélagsskýrsla 2021



# Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna



Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Þau eru samtengd og órjúfanleg og er þeim ætlað að mynda jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og leiða þannig til sjálfbærrar þróunar. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.



## Bónus og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030. Við höfum forgangsraðað sex heimsmarkmiðum út frá stefnumiðum Bónus. Þau tengjast kjarnastarfsemi okkar, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

### Markmiðin okkar

#### Markmið 2:

Ekkert hungur

#### Markmið 3:

Heilsa og vellíðan

#### Markmið 5:

Jafnrétti kynjanna

#### Markmið 8:

Góð atvinna og hagvöxtur

#### Markmið 12:

Ábyrg neysla og framleiðsla

#### Markmið 13:

Aðgerðir í loftslagsmálum





## Ekkert hungur



Við styðjum við heimsmarkmið 2 um ekkert hungur og uppbyggingu á eftirfarandi hátt:

- Við styðjum heimsmarkmið 2 með því að gefa inneignarkort fyrir matarkaup í okkar verslunum til hinna ýmsu góðgerðamálefna.
- Við seljum mat sem farinn er að nálgast síðasta neysludag á verulegum afslætti.

## Heilsa og vellíðan



Við styðjum við heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan á eftirfarandi hátt:

- Bónus er eina matvörukeðjan á Íslandi sem aldrei hefur selt tóbak.
- Við hvetjum starfsfólk til bættrar heilsu og aukinnar vellíðunar með því að veita árlegan líkamsræktarstyrk fyrir starfsfólk.

## Jafnrétti kynjanna



Við styðjum við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna á eftirfarandi hátt:

- Við höfum sett okkur jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun sem miðar að því að tryggja jöfn laun og réttindi kynjanna.
- Við greiðum sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012.



## Góð atvinna og hagvöxtur



Við styðjum við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt á eftirfarandi hátt:

- Erum sanngjörn með kaup og kjör, og er hár starfsaldur hjá mörgum innan fyrirtækisins til marks um þetta.
- Við líðum ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni og gætum þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
- Við höfum um árabíl verið einn stærsti þátttakandinn (fyrir utan ríki og borg) í „Atvinna með stuðningi“, verkefni sem gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.

## Ábyrg neysla og framleiðsla



Við styðjum við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

- „Saman gegn matarsóun“ verkefnið hefur verið starfrækt frá upphafi rekstrar. Mikil áhersla lögð á að lágmarka rýrnun í fyrirtækinu sem er mjög lág miðað við þennan rekstur. Matarávextir á síðasta snúning á verulegum afslætti til viðskiptavina og kjúklingur fer sjálfkrafa á afslátt þegar hann nálgast síðasta sölundag.
- Við þrýstum á innlenda birgja um minnkun plasts í umbúðum og að setja upp tvöfalt strikamerki á ferskvöru sem hjálpar við að sporna gegn matarsóun.
- Við notum minna plast í umbúðir fyrir bakkelsi og minna plast í umbúðir fyrir fyrirtækið Ferskar Kjötvörur sem fór úr plastbökkum, þar sem hamborgarar og nautahakka var í, yfir í 100% endurvinnanlegar umbúðir sem hafa 70% minna plast en áður.

## Aðgerðir í loftslagsmálum



Við styðjum við heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

- Við hættum með plastburðarpoka 2018, tókum upp lífnidurbrjótanlega burðarpoka. Frá júlí 2021 hefur aðeins verið hægt að kaupa lífnidurbrjótanlega og fjölnota burðarpoka inn í verslun en ekki við afgreiðslukassa.
- Erum aðalstyrktaraðilar verkefni Landgræðslunar og Skógræktar um að safna og sá birkifræum til að rækta upp birkiskóga á Íslandi.
- Kolefnisjöfnum rekstur fyrirtækisins í gegnum Kolvið sem plantar á hverju ári í kringum 7000 trjám.
- Gefum moltu á hverju vori til viðskiptavina. Bæði í Bónus Kauptúni og Bónus Korputorgi geta viðskiptavinir fengið moltu endurgjaltlaust, en moltan er einmitt gerð meðal annars úr lífrænum úrgangi verslunarinnar.



# Sjálfbærnimarkmið og árangur 2021



Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Markmið 2021	Staða markmiða í lok árs 2021
<b>Umhverfið</b>					
Auka framboð á umhverfisvænni vöru	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	LED lýsing í verslanir	Fleiri LED lýsingar í verslanir Bónus 2-3 á ári	LED var innleitt í 5 verslanir Bónus
Endurvinnsla umbúða	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Hærra endurvinnsluhlutfall	Hækka endurvinnsluhlutfall um 2%	Hækkunin nam 2,1%
Minna kolefnisspor	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minna kolefnisspor	Minnka kolefnisspor um 2%	Minnkunin nam 14,1%
Minni sóun matvæla	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minnkum matarsóun	Koma upp sérstökum vel merktum stöndum í verslanir sem eru aðgengilegri fyrir viðskiptavinum	Standar hafa verið settir upp í nokkrar verslanir en þetta verkefni er enn í gangi
<b>Mannauðurinn</b>					
Jafnlaunavottun	5 - Jafnrétti kynjanna	Starfsmannamál	Launagreining	Minna en 1,3%	Þetta markmið náðist ekki en launamunur var 1,8% á árinu.
<b>Samfélagið</b>					
Matargjafir til hjálparamtaka	2 - Ekkert hungur	Samfélagsleg ábyrgð	Matargjafir til bágstaddra	Auka matargjafir um 5%	15,9% færri matargjafir en á síðasta ári
Ábyrg innkaup aðfanga	8 - Góð atvinna og hagvöxtur	Samfélagsleg ábyrgð	Mótun innkaupastefnu	Innkaupastefna kynnt starfsmönnum	Enn í mótun
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan			Bónus selur ekki tóbak	Bónus er tóbakslaus verslun
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélagsleg ábyrgð	Bætt aðstaða fyrir hjóla fólk	Hjólastandar og hjólviðgerðarstöð við verslanir	Hjólastandar hafa verið settir upp við nokkrar verslanir en þetta verkefni er enn í gangi

Taflan sýnir hvernig samfélagsverkefnið okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

# Sjálfbærnimarkmið 2022



Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Markmið 2022
<b>Umhverfið</b>				
Auka framboð á umhverfisvænni vöru	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	LED lýsing í verslanir	Fleiri LED lýsingar í verslanir Bónus 2-3 á ári
Endurvinnsla umbúða	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Hærra endurvinnsluhlutfall	Hækka endurvinnsluhlutfall um 1%
Minna kolefnisspor	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minna kolefnisspor	Minnka kolefnisspor um 2%
Minni sóun matvæla	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minnkum matarsóun	Koma upp sérstökum vel merktum stöndum í verslanir sem eru aðgengilegri fyrir viðskiptavina
<b>Mannauðurinn</b>				
Jafnlaunavottun	5 - Jafnrétti kynjanna	Starfsmannamál	Launagreining	Minna en 3%
<b>Samfélagið</b>				
Matargjafir til hjálparsamtaka	2 - Ekkert hungur	Samfélagsleg ábyrgð	Matargjafir til bágstaddra	Auka matargjafir um 5%
Ábyrg innkaup aðfanga	8 - Góð atvinna og hagvöxtur	Samfélagsleg ábyrgð	Mótun innkaupastefnu	Versla meira í heimabyggð
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan			Bónus selur ekki tóbak
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélagsleg ábyrgð	Bætt aðstaða fyrir hjólafolk	Fjölga hjólastöndum við verslanir

Taflan sýnir hvernig samfélagsverkefnin okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



Sjálfbærniuppgjör Bónus fyrir árið 2021 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Þessar leiðbeiningar eru byggðar á tillögum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Samfélagsuppgjörin er byggt á upplýsingum úr umhverfishugbúnaði Bónus, EnviroMaster, og unnið í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf.

## Kolefnisuppgjör (E1)

Losunarbókhald Bónus nær utan um alla þá losun sem fellur undir umfang 1 og 2. Þeir liðir í umfangi 3 sem losunarbókhaldið tekur til er losun frá rekstrarúrgangi ásamt losun sem rekja má til vinnutengdra flugferða starfsmanna.

Árið 2021 nam heildarlosun Bónus 621 tonnum koltvísýringsígilda (tCO<sub>2</sub>-íg) og hefur hún því dregist saman um 28,1% frá grunnári. Losun samanlagðra umfanga 1 og 2 nam 299 tCO<sub>2</sub>-íg sem nemur 5,3% samdrætti losunar frá grunnári.

## Losunarkræfni (E2)

Losunarkræfni starfsmanna nam 1,5 tCO<sub>2</sub>i/stöðugildi, sem nemur 30,4% lækkun frá grunnári.

## Orkunotkun (E3)

Heildarorkunotkun Bónus nam 24.037.138 kWst. Undir orkunotkun fellur raforku-, hitaveitu- og eldsneytisnotkun.

- Óbein orkunotkun vegna rafmagns- og hitaveitu nam 23.749.830 kWst og hefur dregist saman um 9,4% frá grunnári.
- Bein orkunotkun vega eldsneytisnotkunar bifreiða nam 287.308 kWst og jókst um 3,8% frá grunnári.
- Hlutfall endurnýjanlegrar orku í rekstri Bónus var 98,8%.

## Úrgangur

Að mestu má rekja samdrátt í heildarlosun Bónus til árangurs á sviði úrgangsmála:

- Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrarúrgangi nam 40,9% á tímabilinu 2019 – 2021.
- Heildarþyngd úrgangs frá rekstri Bónus nam 2.898.824 kg, sem er 4,4% lækkun frá grunnári.
- Magn úrgangs til urðunar lækkaði um 27% á milli árana 2019 og 2021. Árið 2019 fóru 893.542 kg í urðun en 652.520 kg árið 2021.
- Flokkunarhlutfall Bónus var 77,4% árið 2021.

## Kolefnisjöfnun

Bónus hefur kolefnisjafnað rekstur sinn með mótvægisaðgerðum með fjárfestingu í verkefnum á vegum Kolviðar. Samtals mótvægisaðgerðir jafngilda {magn} tCO<sub>2</sub>i.

# Lykilþættir úr ESG-skýrslu



Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2019	2020	2021
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO <sub>2</sub> í	869,3	770,1	661,8
Samtals mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO <sub>2</sub> í	746,1	770,1	661,8
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO <sub>2</sub> í	0,0	0,0	0,0
Orkunotkun	Eining	2019	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	27.147.385	26.940.609	28.657.128
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	276.812	281.716	287.308
Þar af orka frá rafmagni	kWst	13.199.671	12.078.621	10.106.400
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	13.670.902	14.580.272	18.263.420
Samsetning orku	Eining	2019	2020	2021
Jarðefnaeldsneyti	%	1,0%	1,0%	1,0%
Endurnýjanleg orka	%	99,0%	99,0%	99,0%
Meðhöndlun úrgangs	Eining	2019	2020	2021
Samtals úrgangur	kg	3.032.065	3.113.374	2.898.824
Þar af flokkaður úrgangur	kg	2.140.855	2.352.441	2.244.444
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	891.210	758.753	654.380
Endurrunnið / endurheimt	kg	2.138.523	2.363.011	2.246.304
Urðun / förgun	kg	893.542	748.183	652.520
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	70,6%	75,6%	77,4%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	70,5%	75,9%	77,5%



Taflan sýnir óefnahagslegar upplýsingar um umhverfisleg og samfélagsleg áhrif starfseminnar.

Upplýsingar eru fengnar úr ESG-skýrslu sem unnin var í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf vegna ársins 2021.

# Samfélagsábyrgð til framtíðar



Það þarf að hyggja að mörgum þáttum í fyrirtækjarekstri ef skapa á verðmæti fyrir bæði eigendur og samfélagið án þess að ganga á náttúruauðlindir.

Á heimsvísu þarf losun að helmingast fram til ársins 2030 og til að markmiðið náist þá þarf næsti áratugur að verða áratugur aðgerða í loftslagsmálum. Á sama tíma og dregið er úr losun þarf að auka kolefnisbindingu, meðal annars með ræktun skóga og Bónus mun áfram leggja áherslu á kolefnisbindingu með skógrækt. Bónus var fyrsta íslenska matvöruheildan til að kolefnisjafna rekstur sinn snemma árs 2019 og síðastliðin ár höfum við kolefnisjafnað neikvæð áhrif af starfsemi að fullu með gróðursetningu trjáa á landi við Úlfjótsvatn.

Starfsemi Bónus byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og við viljum leggja okkar að mörkum til að heimsmarkmiðin náist fyrir árið 2030.


Samfara áherslum í umhverfismálum þá viljum við að í Bónus verði áfram eftirsóknarvert að starfa og versla. Ný og spennandi verkefni bíða fyrirtækisins árið 2022 þar sem við munum halda áfram með þau fimm samfélagslegu verkefni sem við leggjum jafnan áherslu á: Saman gegn matarsóun, kolefnisjöfnun, flokkun sorps, minna plast og án tóbaks.

Þrátt fyrir áskoranir síðustu missera, þá hefur vinna okkar við umhverfis- og samfélagsmál gengið vel en við vitum að sífellt má gera betur. Við horfum fram á veginn full bjartsýni og hlökkum til að vinna áfram í átt að sjálfbærni.






**BÓNUS**



**Með þér í liði**



**259**  
kr./kg



**Samfélagsskýrsla  
2021**

